

Morgunblaðið/Bernhard Jóhannesson

Aðilar frá björgunarsveitunum Oki, Heiðum, Hjálpinni og Brák svo og Hjálparsveit skáta á Akranesi tóku þátt í uppsetningu endurvarpans undir stjórn Þórs Magnússonar erindreka Slysavarnafélags Íslands.

Reykholtsdalur:

Endurvarpi settur upp á Heiðarhorni

Sólbyrgi.

FIMMTUDAGINN 21.september var spáð góðu og björtu veðri, þá var upplagt að kalla svæðisstjórn á svæði 4 út til að koma fyrir endurvarpa á Heiðarhorni í Skarðsheiði.

Landinu er skipt í nokkur leitar- og björgunarsvæði og er svæði 4 á Vesturlandi. Borgarfjarðardalir eru erfitt svæði fyrir VHS-talstövðar sem notaðar eru í leitum eins skiptir Skarðsheiðin svæðinu. Við komu endurvarpans á Heiðarhorni gjörbreytast allar aðstæður til fjarskipta á svæðinu og öryggi við leitarstjórnun. Endurvarpinn er knúinn af sólarorku.

Aðilar frá björgunarsveitunum Oki, Heiðum, Hjálpinni og Brák svo og Hjálparsveit skáta á Akranesi tóku þátt í uppsetningu endurvarpans undir stjórn Þórs Magnússonar erindreka Slysavarnafélags Íslands. Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-GRO flutti allan búnað upp á Heiðarhornið og kann svæðisstjórn Landhelgisgæslunni og Benóný Ásgrímssyni flugstjóra bestu þakkir.

– Bernhard

Námskeið í kristallaheilun

NÁNDAR- og næmniþjónustan heldur námskeið í heilun með kristöllum, sunnudaginn 1. október klukkan 13-20 í heilsuræktarstöðinni World Class, Skeifunni 19.

Leiðbeinandi er Leifur Leópoldsson miðill. Farið verður yfir undirstöðuatriðin í notkun steina og kristalla. Kynningarkvöld verður haldið á morgun, föstudagskvöld, á veitingastaðnum „Á næstu grösum".

Ítalskir dagar í Kringlunni

ÍTALSKIR dagar verða í Kringlunni frá deginum í dag, 28. september, til 7. október. Kynntar verða ítalskar vörur og matur og Ítalíuferðir. Ítalskir listamenn koma fram.

Veitingahús í Kringlunni bjóða upp á ítalskan mat. Þá verður boðið upp á spurningaleik þar sem Ítalíuferðir eru í vinning. Ýmis skemmtiatriði verða í Kringlunni í tenglsum við hina ítölsku daga, meðal annars skemmtir ítölsk hljomsveit.

Frumkvæði að Ítalíukynningunni eiga ferðamálaráð og útflutningsráð Ítalíu og Ragnar Borg, aðalræðismaður Ítala hér, í samstarfi við Kringluna.

Bókaskrá um ættfræðirit

ÚT ER KOMIN fjórða söluskrá Ættfræðiþjónustunnar um bækur og hjálpargögn í ættfræði. Í skránni eru nálega 120 ættfræðiverk, og mun þetta stærsta söluskrá, sem út hefur komið um ættartölur, niðjatöl, æviskrárrit, manntöl, byggðasögur og önnur heimildarrit um ættir Íslendinga.

Hægt er að fá bókaskrána heimsenda án endurgjalds frá Ættfræðiþjónustunni, Sólvallagötu 32A, Reykjavík.

Þá er nýútkomið á sama stað verkið **Ættir mínar**, vinnubók í ættfræði. Þar er að finna upplýsingar um ættfræðiheimildir, eyðublöð til skráningar á framættum, sem ná til rúmlega 600 forfeðra, ásamt leiðbeiningum um skipulega skráningu ættartölunnar.

(Fréttatilkynning)

Orgeltónleikar í Kristskirkju



Almut Rössler.

ÞÝSKI orgelleikarinn, prófessor Almut Rössler, sem hér er stödd í boði Musica Nova, Goethe Institut og Listvinafélags Hallgrímskirkju, heldur tónleika í Kristskirkju föstudagskvöldið 29. september klukkan 20.20. Á efnisskránni eru orgelverk eftir Olivier Messiaen, Diether de la Motte og Jürg Baur.

Almut Rössler hefur haldið tónleika í flestum löndum Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Japan. Hún hefur hlotið margvíslega viðurkenningu og setið í dómnefndum alþjóðlegra orgelkeppna. Hún þykir einn fremsti túlkandi orgelverka franska tónskáldsins Oliviers Messiaen og hefur leikið öll orgelverk hans inn á hljómplötur. Tónskáldið valdi hana til að frumflytja nýjasta orgelverk sitt, „Livre du Saint Sacrament" eða „Bókina um heilagt sakramenti" sem samið var árið 1984 og er eitt umfangsmesta orgelverk allra tíma.

Þetta er í annað sinn sem Rössler sækir Ísland heim því árið 1979 var hún leiðbeinandi á Messiaennámskeiði á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík og hefur þá þrenna tónleika hér.

Fréttatilkynning

Sýning Erlu að ljúka

SÝNING Erlu Þórarinsdóttur í austursal Kjarvalsstaða lýkur næstkomandi sunnudag.

Erla lauk námi frá Konstfackskólanum í Stokkhólmi 1981 og hefur síðan unnið og starfað að myndlist í Svíþjóð, New York og hér heima. Hún hefur haldið einkasýningar í Reykjavík, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og New York og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Á Kjarvalsstöðum eru til sýnis olíumyndir unnar á striga og á tré. Þetta eru myndaraðir sem kallast „seglin", „landið" og „farangurinn". Myndirnar eiga upptök sín hérlendis og í loftinu umhverfis landið.

Sýningin er opin frá klukkan 11-22.

(Fréttatilkynning.)

Fundur hjá málfræðingum

ÍSLENSKA málfræðifélagið efnir til almenns fundar í dag, fimmtudaginn 28. september, klukkan 17.15 í stofu 422 í Árnagarði.

Fyrirlesari verður Helge Sandoy, háskólakennari frá Björgvin. Fyrirlesturinn nefnist Tendensar i utvikling af norsk talemal og verður fluttur á norsku.

Danshöllin:

Waterend Jazzmen skemmtir á djass- og dixílandhátíð

ÞÝSKA djass- og dixíland-hljómsveitin Waterend Jazzmen skemmtir á djass- og dixílandhátíð í Danshöllinni Brautarholti 20 föstudaginn 29. og laugardaginn 30. september næstkomandi.

Á hátíðinni mun Waterend Jazzmen koma fram á annarri hæð Danshallarinnar en aðrar hljómsveitir skemmta á hinum hæðunum þremur, segir í fréttatilkynningu.



Morgunblaðið/Gerolf Schmidt

Hljómsveitin Waterend Jazzmen spilar á djass- og dixíland-hátíð í Danshöllinni á föstudag og laugardag.

Áfengi hættulegra en kjarnorka

– segir sænski kjarnorkufræðingurinn Lars Persson

MORGUNBLAÐINU hefur borizt fréttatilkynning frá Áfengisvarnaráði. Þar er vitnað í viðtal við sænska kjarnorkufræðinginn Lars Persson við blaðið Accent frá því í september. Í blaðinu segir hann að áfengi sé hættulegra en kjarnorka. Persson er skrifstofustjóri Geislavarnastofnunar sænska ríkisins og átti hlut að samningu laga um geislavarnir.

Viðtal þetta er reifað í fréttatilkynningu Áfengisvarnaráðs og þar er eftirfarandi haft eftir Persson: „Áfengi er eiturefni sem er hættulegt fyrir erfðavísana. Það getur og valdið krabbameini. Áfengisdrykkja er eins og leikur að eldi eða jafngildi þess að láta skeika að sköpuðu um heilsu sína. Engin ákveðin mörk eru til sem sýni hve mikið áfengi sé hættulaust að drekka. Raunar þarf ekki vísindamenn til að sjá að áfengi veldur ótímabærum dauða í vinahópi manns. Margir félaga minna eru látnir og nokkrir eru vistaðir á stofnunum vegna drykkju. Ég hef vitað ýmsa starfsbræður mína erlendis eiga við alvarlega drykkjuvandamál að stríða. Slíkt veldur mér ugg.

Kjarnorka hefur ekki drepið neinn mann í Svíþjóð. Afleiðingar Tjernóbyl-slyssins eru ekki alvarlegri en sá skaði, sem maður veldur sjálfum sér með að drekka eina vínflösku. Það er sýndarmennska þegar fólk hefur áhyggjur af geislavirku regni og þorir tæpast að láta börn sín leika sér í sandkassanum en horfir samtímis öldungis óttalaust á drykkjumenn staupa sig í garðinum við hliðina á leikvellinum. Það má orða það svo að geislavirknin í Svíþjóð vegna Tjernóbyl-slyssins sé lítið hættuleg en áfengi mjög hættulegt."

Ennfremur segir Lars Persson: „Mér virðist augljóst að á áfengisumbúðum eigi að vera viðvaranir. Á þeim ætti að standa: Skaðlegt heilsu manna. Veldur krabbameini."

Fiskverð á uppboðsmörkuðum 27. september.

FAXAMARKAÐUR hf. í Reykjavík


	Hæsta verð	Lægsta verð	Meðalverð	Magn (lestir)	Heildarverð (kr.)
Þorskur	63,00	59,00	60,15	6,634	399.020
Ýsa	100,00	100,00	100,00	3,465	346.500
Karfi	42,00	33,00	41,18	0,265	10.914
Ufsi	40,50	37,00	40,19	11,902	478.387
Hlýri+steinb.	*70,00*	*70,00*	*70,00*	*0,450*	*31.500*
Langa	40,00	40,00	40,00	0,261	10.440
Lúða(stór)	210,00	190,00	201,63	0,646	130.250
Lúða(smá)	230,00	230,00	230,00	0,048	11.040
Keila	24,00	24,00	24,00	0,036	864
Skötuselur	170,00	170,00	170,00	0,151	25.670
Samtals			60,55	23,858	1.444.585

Selt var meðal annars úr Breka VE. Í dag verða meðal annars seld 10 tonn af þorski, 4 tonn af ýsu, 10 tonn af ufsa og 9 tonn af karfa úr Jóni Baldvinssyni RE og fleirum.

FISKMARKAÐUR SUÐURNESJA hf.

Þorskur	58,50	58,50	58,50	0,078	4.563
Ýsa	128,00	45,00	110,04	2,342	257.714
Steinbítur	44,00	44,00	44,00	0,018	792
Samtals			107,90	2,438	263.069

Selt var úr Haferni GK. Í dag verður selt úr dagróðrabátum.



Atriði úr myndinni „Draumagengið" sem Laugarásbíó sýnir um þessar mundir.

Laugarásbíó sýnir:

„Draumagengið"

LAUGARÁSBÍÓ hefur tekið til sýninga myndina „Draumagengið". Með aðalhlutverk fara Michael Keaton og Peter Boyle.

Það er „sín ögnin af hverju" í hópi sjúklinga á geðhæli, þar sem Weitzman er starfandi læknir, ungur og áhugasamur um heill skjólstæðinga sinna. Enginn þeirra er hættulegur umhverfi sínu en hver um sig er „bilaður" á sinn hátt.

Björk, Mývatnssveit:

Útför Svövu Sigurðardóttur

ÚTFÖR Svövu Sigurðardóttur var gerð frá Reykjahlíðakirkju miðvikudaginn 13. september að viðstöddu fjölmenni.

Séra Örn Friðriksson prófastur á Skútustöðum flutti útfararræðu og jarðsöng. Kirkjukórinn söng, orgelleikari var Jón Árni Sigfússon. Margrét Bóasdóttir söng einsöng við undirleik Juliet Faulkner, tónlistarkennara við Hafralækjarskóla.

Svava Sigurðardóttir fæddist í Reykjahlíð 13. maí 1912. Foreldrar hennar voru Sigurður Einarsson og Jónasína Jónsdóttir. Þau bjuggu í Reykjahlíð á % hluta jarðarinnar, öll sín búskaparár.

Jónasína andaðist 1943, en Sigurður 1954. Síðan hafa börn þeirra búið á þessum jarðarskika.

Árið 1947 var reist myndarlegt íbúðarhús sem jafnframt var sumarhótel. Hafa þau systkinin Guðrún, Svava og Jón Bjartmar, rekið Hótel Reykjahlíð og hefur fjölmargt ferðafólk notið þar frábærrar þjónustu, að sjálfsögðu var hlutur Svövu mikill í þeirri starfsemi.

Svava var ákaflega hjálpsöm og greiðvikin og ávallt gott til hennar að leita, enda var frænda og vinahópur hennar fjölmennur.

Svava andaðist á sjúkrahúsinu á Húsavík þann 5. september sl.

Kristján.